

Faghópur um vefstjórnun - Skýrsla fyrir árið 2017

Hópurinn hélt fjóra hádegisfundi á Grand hótél á síðasta ári. Við höfum verið mjög ánægð með aðsóknina en það hafa verið 150 til 200 manns skráðir á alla fundina. Hópurinn hélt færri viðburði þetta ár en árin áður og við erum mjög sátt við það, betra að hafa færri og geta betur undirbúið fundina en hafa fleiri smærri. Við höfum einsett okkur að hafa fundina sem hagnýtasta fyrir þá sem mæta og höfum lagt mikið upp úr reynslusögum og höfum alltaf haft það orð í umfjölluninni um fundina. Við höfum haft 4 fyrirlesara og svo pallborð sem hefur gengið mjög vel. Þrátt fyrir að t.d. SVEF hafi komið sterkt inn árið 2017 virðist mikill áhugi til staðar enda ekki furða þar sem allt sem tengist vefjum verður sífelld stærri hluti af rekstri fyrirtækja og stofnanna.

Fyrsti fundur ársins var haldinn 22. mars og bar hann yfirskriftina „Þurfum við ekki líka að vera með app?“ og þar vorum við að reyna að svara þessari spurningu og einnig stöðu appsins á þeim tíma. Fyrirlesarar komu frá Icelandair, Íslandsbanka, Kolibri og Stokk.

Á öðrum fundi vetrarins þann 3. maí veltum við fyrir okkur samfélagsmiðlum og áhrifavöldum í stafrænni markaðssetningu. Fyrirlesarar komu frá TagPlay, CCP, Guide to Iceland og Áttunni.

Þriðji fundurinn þann 30. ágúst var mjög vel sóttur eins og jafnan er um fyrsta viðburð hópsins á haustin en þar var tekin fyrir Fagmennska í íslenskum vefbransa. Við vorum á fundinum að vekja athygli á þeim ótal mörgu aðilum sem koma að vinnu við vef og hversu ögrandi verkefni það er fyrir alla viðkomandi. Þeir sem töluðu voru frá Sjóvá, Íslensku auglýsingastofunni, forsætisráðuneytinu og Valitor.

Fjórdi og síðasti fundur vetrarins var haldinn þann 6. desember og þar vorum við að velta fyrir okkur hlutverki vefstjórnans og hvort að hann væri í raun vefstjóri eða stafrænn leiðtogi öllu

heldur. Tilgangurinn með þessum fundi var að vekja athygli á sívaxandi mikilvægi vefmála í skipulagi fyrirtækja og því forystuhlutverki sem vefstjórar eru farnir að gegna.

Við vorum mjög ánægð með fundina á árinu og höfum haldið áfram á sömu braut á þessari önn, næstu viðburðir eru skipulagðir þann 21. mars og 16. maí.

Hópin skipa Hildur Óskarsdóttir (Air Iceland Connect), Guðný Danivaldsdóttir (nemandi í HÍ), Steinunn Jónasdóttir (Samskip), Birna Guðrún Magnadóttir (Ríkiskaup), Heiðar Örn Arnarson (Isavia) og Halla Kolbeinsdóttir (Háskólinn í Reykjavík).